

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Mosfellsbæjar.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Mosfellsbæjar selur afnot af heitu vatni úr hitaveitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð í Mosfellsbæ og til þeirra húsa, sem fá vatn frá aðfærsluæð, eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari samanber reglugerð fyrir Hitaveitu Mosfellsbæjar.

2. gr.

Hitaveita Mosfellsbæjar lætur hverju húsi, sem er í sambandi við kerfi hennar, í té vatnsmagn er áætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi veitunnar.

3. gr.

Vatnsmagn það, sem látið er í té samkvæmt 1. og 2. gr., er afhent notanda um rennslismæli sem hitaveitan leggur til og annast viðhald á. Mælir þessi skal innsiglaður og er húseiganda/notanda með öllu óheimilt að rjúfa innsigli mælisins.

II. KAFLI

4. gr.

- Gjald fyrir afnot af heita vatninu er sem hér segir:

Heitt vatn um rennslismæli:	Kr.	2% skattur	Með 11% skatti	Grunnur
A. Fyrir hvern rúmmetra vatns	127,96	2,56	144,88	kr./m ³

- Mælaleiga:

Auk þess greiðist fastagjald árlega háð afköstum rennslismælisins en óháð töxtum að öðru leyti.

Því er skipt í þrjá flokka:	Kr./dag	2% skattur	Með 11% skatti	Grunnur
A. 15-20 mm	57,52	1,15	65,12	kr./dag
B. 25-50 mm	128,89	2,58	145,93	kr./dag
C. 65 mm og stærri	241,12	4,82	272,99	kr./dag

- Sérstakir notendur:

Sérstakir notendur greiða fyrir afnot af heita vatninu sem hér segir:

Notandi	Kr./m ³	Athugasemdir	2% skattur	Með 11% skatti	Grunnur
A. Almennings-sundlaugar	41,69	Gildir fyrir almennings-sundlaugar og sambryggð íþróttamannvirki í eigu sveitarfélags. Með í taxtanum telst baðvatn og vatn til set- og vaðlauga	0,83	47,20	kr./m ³
B. Sundlaugar stofnana	71,71	Til þessa flokks teljast sundlaugar sem reknar eru af stofnunum sem ekki eru í beinni eigu sveitarfélaga. Með í taxtanum telst baðvatn og vatn til set- og vaðlauga	1,43	81,19	kr./m ³
C. Gróðurhús	56,12	Taxtinn gildir fyrir gróðurhús sem framleiða garðyrkjuafurðir í atvinnuskyni	1,12	63,54	kr./m ³
D. Vatnsverð án flutningsgjalda	95,29		1,91	107,89	kr./m ³

E. Upphitaðir íþróttavellir utandyra	109,98		2,20	124,52	kr./m ³
F. Iðnaðarvatn í framleiðsluferla	90,61		1,81	102,59	kr./m ³

Taxtinn gildir fyrir þá aðila sem eiga heimæðar sínar og sjá um rekstur þeirra og viðhald á eigin kostnað. Mælir er þá staðsettur veitumegin við heimæðina. Mælagjaldinu er dreift jafnt niður á fjölda reikningstímabila eins og þau eru ákveðin hverju sinni.

4. Innheimtuviðvörur:

Ef til vanskila kemur bætist við gjald vegna innheimtuviðvunar, 20 dögum eftir gjalddaga. Innheimtugjöld miðast við heimildir í reglugerð um hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar. Gjald vegna innheimtuviðvunar er kr. 950 án vsk.

5. gr.

Fjöldi reikningstímabila, sem þó skulu eigi vera færri en fjögur á ári, og innheimtutilhögun hitaveitugjalda hverju sinni, sbr. 4. gr., skulu ákveðin af bæjarstjóra. Það teljast vanskil sé reikningur ekki greiddur á gjalddaga.

Hitaveita Mosfellsbæjar skal tilkynna notendum sínum með hæfilegum fyrirvara ef hún ákveður að breyta fjölda reikningstímabila hitaveitureikninga og skal jafnan miða við að breytingar á gjaldskrá taki gildi við upphaf hvers reikningstímabils til að auðvelda notendum úrlestur hitaveitureikninga og hitaveitunni álagningu þeirra.

III. KAFLI

6. gr.

Almennt verð heimæða gildir á nýbyggingarsvæðum þar sem inntaksrými er samkvæmt skilmálum. Verðir gildir ekki þar sem gengið hefur verið varanlega frá yfirborði og fullnægjandi veitulagnir ekki komnar að lóðamörkum, en þar greiðir umsækjandi til samræmis við kostnaðaráætlun. Geri húseigandi eða lóðarhafi breytingar á skipulagi fasteignar frá útgefnu skipulagi sveitarfélagsins, ber hann að auki allan kostnað við færslu eða breytingar veitulagna og inntaksbúnaðar á inntaksstað.

Heimæðagjald Hitaveitu Mosfellsbæjar skal vera sem hér segir, fyrir eina heimæð:

Sverleiki síðu	Upphæð án vsk	Með 11% skatti	Með 24% vsk	Grunnur
DN20 (25 mm PEX)	206.606	229.333	256.191	kr./stk.
DN25 (32 mm PEX)	393.136	436.381	487.489	kr./stk.
DN32 (40 mm PEX)	590.385	655.327	732.077	kr./stk.
DN40 (50 mm PEX)	1.207.522	1.340.349	1.497.327	kr./stk.
DN50 (63 mm PEX)	1.957.273	2.172.573	2.427.019	kr./stk.
DN65 (75 mm PEX)	3.912.420	4.342.786	4.851.401	kr./stk.
DN80 (90 mm PEX)	7.819.332	8.679.459	9.695.972	kr./stk.

Stærð heimæðar er ákvörðuð af Hitaveitu Mosfellsbæjar í samræmi við ósk kaupenda um vatnsmagn í umsókn. Þar sem lengd heimæðar er minni en 20 metrar gildir ofangreind verðskrá. Fyrir hvern metra umfram 20 metra er heimilt að innheimta 2% af heimæðagjöldum. Óski húseigandi eftir færslu heimæða að nýjum tengipunkti greiðir hann heimæðagjöld að nýju. Gjald vegna tengingar vinnuvatns er kr. 126.721 án vsk.

Heimæðagjald skal greiðast áður en heimæð tengist hitakerfi hússins, samkvæmt gildandi gjaldskrá.

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum hemlum eða mælum frá hitaveitunni og skal þá greiða kr. 58.027 aukalega fyrir hvern mæli/hemil.

Virðisaukaskattur bætist við öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari og tekur mið af gildandi reglum um virðisaukaskatt á hverjum tíma.

Nr. 1586

20. desember 2023

7. gr.

Nú eru leyfð afnot af hitaveitunni til annars en húshitunar, og er þá bæjarráði heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

8. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

9. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð húseiganda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Til slíkra aðgerða má þó fyrst grípa eftir eindaga og að undangenginni skriflegri viðvörun, sem sendist kaupanda með eigi skemmri en þriggja daga fyrirvara. Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem í vanskilum er, kr. 24.829 í hvert skipti sem opnað er.

10. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Mosfellsbæjar skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun á heita vatninu.

11. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Mosfellsbæjar, staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58/1967, til að öðlast gildi 1. janúar 2024. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 70/2023.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, 20. desember 2023.

F. h. r.

Ólafur Darri Andrason.

Hreinn Hrafinkelsson.

B-deild – Útgáfudagur: 29. desember 2023